





GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN 17.09.1996



BREYTT DEILISKIPULAG

23.02.2011. Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Sýnd eru núverandi lóðarmörk við Hólabraut og Laxagötu en lóðarmörk eru ekki skilgreind sérstaklega á gildandi deiliskipulagsupprætti.
- Þrjár lóðir eru sameinaðar í eina. Um er að ræða Hólabraut 16, Gránufélagsgötu 1-3 og Gránufélagsgötu 5. Gránufélagsgata 1-3 er eignarlóð og er hluti eignarlóðar í sameinaðri lóð 31,97 %. Hin nýja lóð er skilgreind sem Hólabraut 16.
- Gert er ráð fyrir að lóðarmörk Hólabrautar 22 færist um 5 m til norðurs og stækkar þar með lóðin um 104 m², úr 401 m² í 505 m². Stækkunin er til að samræma lóðarmörk við lóðarmörk aðliggjandi lóðar (Laxagötu 7) og ná þar með lóðarmörk beggja lóða að mörkum gangstéttar norðan lóða.
- Afmörkun reits nr. 18 fyrir miðbæjarstarfsemi/íbúðir breytist þannig að ný sameinuð lóð við Hólabraut 16 er öll innan reitsins. Sú breyting er einnig gerð að götukassi Laxagötu er ekki lengur skilgreindur innan reitsins og er reiturinn því tvískiptur. Þá stækkar reitur nr. 18 lítilla norðan Laxagötu 7 og Hólabrautar 22 og eru mörk hans færð í samræmi við gildandi lóðarmörk Laxagötu 7 og tillögu að breyttum lóðarmörkum Hólabrautar 22.
- Þau bílastæði sem gert var ráð fyrir sunnan reits fyrir miðbæjarstarfsemi/íbúðir (18), milli Hólabrautar og Laxagötu verða innan lóðar við Hólabraut 16. Gert er ráð fyrir 28 bílastæðum innan lóðar (þar af eitt fyrir hreyfihamlaða) og uppfyllir það kvöð um 1 stæði fyrir hverja 75 fermetra atvinnuhúsnæðis í miðbæ Akureyrar.
- Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að sameinaðri lóð við Hólabraut 16 og verður sú tenging frá Gránufélagsgötu. Með tilkomu þeirrar tengingar leggst af syðri tenging inn á lóðina frá Laxagötu en eftir sem áður verður tenging inn á lóðina frá Hólabraut og nýrri tenging frá Laxagötu heldur sér. Gert er ráð fyrir tvístefnu inn á lóðina um tengingu frá Gránufélagsgötu og Hólabraut en aðeins útakstur verður heimilaður frá lóðinni um Laxagötu. Breytingin er til komin til að auðvelda komu akandi umferðar að og frá verslun við Hólabraut 16.
- Þau bílastæði sem gert var ráð fyrir sunnan reits fyrir miðbæjarstarfsemi/íbúðir (18), milli Hólabrautar og Laxagötu verða innan lóðar við Hólabraut 16. Gert er ráð fyrir 28 bílastæðum innan lóðar (þar af eitt fyrir hreyfihamlaða) og uppfyllir það kvöð um 1 stæði fyrir hverja 75 fermetra atvinnuhúsnæðis í miðbæ Akureyrar.
- Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að tenging Hólabrautar við Gránufélagsgötu leggist af. Í tillögunni er gert er ráð fyrir að Hólabraut og Gránufélagsgata tengist áfram eins og göturnar eru þegar tengdar.
- Gert er ráð fyrir að Hólabraut og Smáragata verði botnlangagötur og tengist því ekki lengur eins og þær gera í dag. Við enda Hólabrautar er gert ráð fyrir snúningshaus. Sú breyting er gerð við Smáragötu að núverandi bílastæði norðan götunar eru sett inn í deiliskipulag og er það hluti breytingarinnar. Hringakstur er um bílastæðin og því ekki þörf á snúningshaus við enda götunnar.
- Nýtingarhlutfall er skilgreint fyrir hverja lóð við Laxagötu og Hólabraut, en áður var aðeins nýtingarhlutfall fyrir reitinn í heild sem var 0,7.
- Byggingarreitur eru sýndir innan lóða og skilmálar settir fyrir fjölda hæða og hámarkshæð bygginga innan byggingarreita. Áður var sýndur einn byggingarreitur sem náði yfir allar lóðir við Hólabraut og Laxagötu.
- Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gangstétt austan Laxagötu en sú breyting er gerð að gangstéttin er skilgreind vestan götunar, í samræmi við núverandi ástand. Þá breytist lega gangstéttar meðfram Gránufélagsgötu, á milli Laxagötu og Hólabrautar, og færist gangstéttin að götunni.
- Sú kvöð er sett á lóð nr. 16 við Hólabraut að girðing skal vera á lóðarmörkum við Laxagötu og hliðslá við útkeyslu að Laxagötu sem eingöngu er vegna vöruflutninga.
- Gangbraut sem gert er ráð fyrir yfir Gránufélagsgötu hliðrast um 3 m til austurs vegna nýrrar aðkomu að Hólabraut 16. Þá eru sýndar gangbrautir yfir Hólabraut og Laxagötu sunnanverðar og Gránufélagsgötu á móts við Hólabraut.

Vanda skal til hönnunar bygginga sbr. byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. júní 2001. Lóðamörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð hverrar lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóða og lóðastærðum á mæliblöðum. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags norðurhluta miðbæjar Akureyar sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyar 17.09.1996.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI VAR SAMÞYKKT AF SKIPULAGSNEFND AKUREYRAR

ÞANN _____

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ _____ TIL _____

SKIPULAGS- OG BYGGINARGLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN

AKUREYRAR ÞANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖÐLAÐIST GILDI MEÐ AUGLÝSINGU

Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____


0 20 40 60 80 100

1:1000



UNNIÐ FYRIR:

SKIPULAGSDEILD
AKUREYRAR/BÆJAR



HLUTI ADALSKIPULAGS AKUREYRAR 2005-2018

SKÝRINGAR

	Mörk deiliskipulagsbreytingar
	Skipulagsmörk Lína dregin 2 metrum utan mörka
	Skipulagsreitir
	Miðbæjarstarfsemi (M)
	Sérgreind notkun (S)
	Miðbæjarstarfsemi/íbúðir (M)
	Byggingarreitur
	Bindandi byggingarlína
	Bindandi byggingarlína 1. hæðar
	Ákvæðamörk
	Gangstigur Gata
	Bílastæðareitur
	Skýringarlína bílastæða
	Opð, öbyggt svæði
	Númer skipulagsreita
	Lóðarmörk
	Lóðarstærð
	Nýtingarhlutfall
	Núverandi byggingar
	Bílastæði innan lóða
	Kvöð um girðingu og hlið
	Sambyggðar byggingar
	Stakar byggingar
	Byggingarhluti
	Leyfð hæð húshluta
	Kvöð um bílaumferð
	Spennistöð RA
	Starfsemi
	Nýtingarhlutfall
	Fjöldi hæða
	Húsgerð
	Hámarkshæð

AKUREYRAR/BÆR-BR. Á DEILISKIPULAGI
MIÐBÆR AKUREYRAR-DEILISKIPULAG NORÐURHLUTA
DEILISKIPULAGSUPPRÆTTUR

KVARDI-A3:	1:1000	TEIKN NR:	
DAGS:	23.02.2011	HANNAD:	ÓMAR
SKRÁ:	11001-DSK-BR-PL.DWG	VERKNR:	11001



hönnun - skipulag

kaupangi v/mýrarveg | 600 akureyri | 460 4440 | www.x2.is | x2@x2.is
ingvar ivarsson landslagsarkitekt flla | ómar ivarsson skipulagsfræðingur sffl
460 4442 | 663 5518 | ingvar@x2.is | 460 4441 | 663 0617 | omar@x2.is